TILBOÐ OG VERKLÝSING

Ráðgjöf og umsjón með vátryggingaútboði

Langanesbyggð

Markmið verkefnis

Að greina núverandi tryggingavernd, draga fram helstu áhættur og annast útboðsferlið frá gagnaöflun til samningsgerðar við valið tryggingafélag.

Umfang ráðgjafar og umsjónar

- Gagnaöflun og áhættugreining
- Mat á núverandi tryggingavernd og þörf fyrir breytingar
- Greining tjónasögu og tillögur að áhættubótum
- Heimsóknir á starfsstöðvar, eftir sérstöku samkomulagi
- Gerð útboðslýsingar, skilablaðs og annarra tilboðsskjala
- Auglýsing útboðs á EES-svæðinu í gegnum TED eNotices
- Samskipti við tryggingafélög og svör við fyrirspurnum
- Opnun og fagleg úrvinnsla tilboða
- Kynning niðurstaðna og aðstoð við samningsgerð
- Minnisblað eða skýrsla með niðurstöðum og athugasemdum

Vinnulag og fagleg nálgun

Consello framkvæmir heildstæða úttekt á tryggingamálum sveitarfélagsins. Í úttektinni eru tryggingar, tjónasaga og fyrirliggjandi atvikalýsingar greindar með það að markmiði að meta hvort tryggingavernd sé viðeigandi og hvort tækifæri séu til hagræðingar.

Jafnframt eru innri ferlar og vátryggingastaðir skoðaðir eftir þörfum svo unnt sé að afmarka helstu áhættur og setja fram skýrar, framkvæmanlegar tillögur.

Framkvæmd verkefnis

01	02	03	04
Upphaf og gagnaöflun	**Greining**	**Útboð**	**Mat og niðurstaða**
Umboð, tengiliður og söfnun lykilgagna.	Tryggingavernd, tjónasaga og áhættur metnar.	Útboðsgögn, auglýsing og samskipti við markaðinn.	Tilboð metin, niðurstöður kynntar og samningsgerð studd.

Aðkoma starfsmanna sveitarfélagsins

Consello annast verkefnið í heild. Óskað er eftir einum tengilið hjá verkkaupa sem miðlar fyrirspurnum til réttra aðila innan sveitarfélagsins og tryggir greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum.

Að fengnu umboði annast Consello öll samskipti við tryggingafélög vegna verkefnisins.

Tímarammi

Upphaf	Verkefnið hefst þegar tilboð hefur verið samþykkt og nauðsynlegt umboð liggur fyrir.
Verklok	Markmiðið er að byrja útboðið 10-15 nóvember en það tekur 30 daga á EES

Kostnaðaráætlun

Leið 1: Fastur kostnaður fyrir verkefnið	**950.000 kr.**
Leið 2: Fastur kostnaður + lækkun af fyrsta ári	**600.000 kr. + 25% af lækkun**

Þekking og reynsla Consello

Consello hefur annast vátryggingaútboð og verðkannanir fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög frá árinu 2010. Hér að neðan er yfirlit yfir valin verkefni 2012-2026.

2026	Húnaþing vestra • Ísafjarðarbær • Háskólinn í Reykjavík • Norðurþing • Hveragerðisbær • Skagafjörður
2025	Garðabær • Reykjanesbær • Múlaþing • Rangárþing eystra • Rangárþing ytra • Íslandspóstur • Hafnarfjörður
2024	Sveitarfélagið Ölfus • Fjallabyggð • Borgarbyggð • Grímsnes- og Grafningshreppur • Bláskógabyggð • Reykhólahreppur • Skagaströnd • Félagsbústaðir • Faxaflóahafnir
2023	Eir og Skjól • Suðurnesjabær • Húnabyggð • Mosfellsbær • Landsvirkjun • ISAVIA • Grundarheimilin
2022	Sveitarfélagið Vogar • Dalvíkurbyggð • Húnaþing vestra • Hrunamannahreppur • Vopnafjarðarhreppur • Skaftárhreppur
2021	Félagsbústaðir • Skagafjörður • Norðurþing • Akranesbær • Hveragerðisbær • Fjarðabyggð
2020	Reykjanesbær • Hafnarfjörður • Múlaþing • Fjallabyggð • Garðabær • Rangárþing eystra
2019	ISAVIA • Faxaflóahafnir • Borgarbyggð • Grímsnes- og Grafningshreppur • Bláskógabyggð • Grýtubakkahreppur • Langanesbyggð • Grundarfjarðarbær • Húnaþing vestra • Skútustaðahreppur • Akranesbær
2018	Sveitarfélagið Hornafjörður • Skaftárhreppur • Rangárþing ytra • Fjarðabyggð • Mosfellsbær • Hveragerðisbær • Seltjarnarnesbær
2017	Sveitarfélagið Árborg
2016	Dalvíkurbyggð • Langanesbyggð • Sveitarfélagið Ölfus • Kópavogsbær
2015	Hafnarfjörður • Fjarðabyggð • Fjallabyggð • Skútustaðahreppur • Grímsnes- og Grafningshreppur • Bláskógabyggð
2013	Mosfellsbær • Garðabær
2012	Kópavogsbær

Reykjavík, 26.10. 2026

Fyrir hönd Consello ehf.

Guðmundur Ásgrímsson